



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 30. ágúst 2018

Dagana 28. til 30. ágúst 2018 var aflað upplýsinga frá leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum um stöðu ráðninga. Svör bárust frá öllum.


Leikskólar:

Í leikskóla á eftir að ráða í 56,3 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið er að ráða í 96% stöðugilda.*

Þann 17. ágúst sl. átti eftir að ráða í 61,8 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið var að ráða í 93,6% stöðugilda.

Þann 14. ágúst 2017 átti eftir að ráða í samtals 119,2 stöðugildi í leikskóla. Þann 15. ágúst 2016 átti eftir að ráða í samtals 101,9 stöðugildi.

Mönnuð stöðugildi í leikskólum



*Auk þeirra 56,3 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í ágúst miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vantar 20,0 stöðugildi í afleysingu. Um getur verið að ræða afleysingu þegar fastir starfsmenn leikskóla taka undirbúninstíma sem og vegna veikinda starfsmanna.


Staða starfsmannamála hefur þau áhrif að óvist var með dagsetningar á inntöku 128 barna samkvæmt minnisblaði þann 21. ágúst. Staða starfsmannamála hefur þau áhrif nú að óvist er með dagsetningar á inntöku 93 barna.

Grunnskólar:

Í grunnskóla á eftir að ráða í 25,0 stöðugildi. Búið er að ráða í 99% stöðugilda.

Þann 15. ágúst sl. átti eftir að ráða í 33,4 stöðugildi. Búið var að ráða í 98,3% stöðugilda.

Þann 14. ágúst 2017 átti eftir að ráða í samtals 58,3 stöðugildi. Þann 17. ágúst 2016 átti eftir að ráða í samtals 43,2 stöðugildi.



Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar:


Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 82,3 stöðugildi eða 167 starfsmenn. Búið er að ráða í 77% stöðugilda.

Þann 20. ágúst átti eftir að ráða í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar 103,3 stöðugildi eða 211 starfsmenn. Búið var að ráða í 71,1% stöðugilda.


Þann 21. ágúst 2017 átti eftir að ráða í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar: 226 starfsmenn í tæplega 114 stöðugildi.

Á biðlista eru nú 1.052 börn, þann 20. ágúst voru 1.354 börn á biðlista í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Búið að samþykkja 3.280 börn í vistun þar af 722 í hlutavistun. Umsóknum um dvöl á frístundaheimilum hefur fjölgað um 260 börn frá 20. ágúst.

Mönnuð stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum



Ráðningar standa yfir þessa dagana og tölnnar því að breytast dag frá degi.


Helgi Grímsson
Virðingarfyllst
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

